



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2020

Efni: Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar

Fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í Kópavogsbæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Hveragerði og Ölfusi hafa verið samþykktar og stendur til að ótímabundin vinnustöðvun hefjist 5. maí 2020.

Umboðsmanni barna hafa borist erindi frá börnum sem eru búsett í þeim sveitarfélögum sem um ræðir, þar sem þau lýsa yfir miklum áhyggjum vegna fyrirhugaðra verkfallsaðgerða Eflingar. Þau telja vegið að rétti sínum til menntunar og einnig hafa þau áhyggjur af félagslegri einangrun barna. Ef til vinnustöðvunar kemur er ljóst að það mun bitna með íþyngjandi hætti á börnum í ljósi þeirra skerðinga sem nú þegar hafa orðið á skólalaldi þessa önn.

Umboðsmanni barna ber að vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Þá ber umboðsmanni að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna sbr. 3. gr. laga nr. 83/1994.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að samningsaðilar gangi frá samningum áður en til vinnustöðvunar kemur enda er það verulega íþyngjandi fyrir nemendur ef skólalald getur ekki hafist með eðlilegum hætti 4. maí eins og til stendur.

Einnig er mikilvægt að við ákvarðanatöku sem tengist fyrirhuguðum verkfallsaðgerðum taki sveitarfélög og samtök þeirra mið af hagsmunum barna. Þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á börn ber að taka slíka ákvörðun með það að leiðarljósi sem er best fyrir börnin. Brýnt er að nemendur séu þátttakendur í ákvörðunartöku sem þessari og fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og jafnframt að tekið sé tillit til þeirra. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans ber að tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þátttaka barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar leiðir til upplýstari og vandaðri ákvarðana sem meiri líkur eru á að sátt ríki um, ekki síst ef um er að ræða íþyngjandi aðgerðir. Ungmennaráð sveitarfélaga sem og nemendaráð skóla geta gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi. Umboðsmaður barna vill því hvetja Samband íslenskra

sveitarfélaga sem og þau sveitarfélög sem um ræðir til þess að huga sérstaklega að rétti barna til upplýsinga og þátttöku samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans við töku ákvarðana um viðbrögð vegna fyrirhugaðrar vinnustöðvunar sem og í öðru starfi þeirra.

Af þeirri ástæðu vill umboðsmaður barna leggja áherslu á mikilvægi þess að þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á börn sé slík ákvörðun tekin með það að leiðarljósi sem er best fyrir börnin. Umboðsmaður barna hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að semja við Eflingu áður en til vinnustöðvunar kemur. Erindi sama efnis hefur einnig verið sent Eflingu.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna